

# Skógarþjónusta S.r. Suðurlandi 1995.

Afrit hjá;  
Fagmálastjóra S.r.  
Kynningarfulltrúa S.r.  
Skógarþj. S.r. Suðurlandi

Unnið af BBJ 29.12. '95.

Selfossi 29.des. '95.

Ársskýrsla Skógarþjónustu S.r. S. fyrir árið 1995.

### Upphafið.

1. júní s.l. tók Skógarþjónusta S.r. á Suðurlandi ( hér eftir SSS) til starfa. Undirritaður var ráðinn til að gegna störfum hennar sem skógræktar-ráðunautur og hefur verið með starfið í mótun í samráði við skógræktarstjóra og fagmálastjóra S.r., ásamt að góð ráð hafa komið frá kynningarfulltrúa og skógræktarráðunautum S.r.

Hallur Björgvinsson vann við skjólbeltaátakið á Skeiðum sem verkstjóri verkefnisins, en einnig unnum við saman að áætlanagerð og skipulagi áður en útplöntun hófst.

Í lok ársins kom Loftur Jónsson til starfa hjá SSS og vann að ýmsum verkefnum.

### Starfsemin.

Helstu störf SSS hafa verið í úttektum og uppgjöri hjá þeim bændum sem eru í nytjaskógrækt og skjólbeltaræktun (**sjá meðf. yfirlit ársins 1995**).

Lætur nærri að 19% af vinnutíma hafi farið í þennan lið en aðeins 12% (rúmir 160 tímar) fór í kortlagningu og áætlunargerð sem kom fyrst og fremst til af tímaskorti. Úttektir voru tímafreakari en ætla mátti þar sem úttekt hefur ekki verið framkvæmd í teig í tvö ár.

Ráðgjöf við landeigendur og umráðafólk skógræktarlands tók einnig mikinn tíma eða alls 252 tíma sem er 18% af heildarvinnutíma SSS.

Mörkuð var sú stefna að halda námskeið fyrir skógarbændur og þá hópa fólks sem sækir mest eftir ráðgjöf í skógrækt. Til að létta alla vinnu við framkvæmd námskeiðanna og að bera fjárhagslega ábyrgð á þeim var farin sú leið að fá Garðyrkjuskóla ríkisins til samstarfs. Verður að segjast eins og er að framkvæmd öll og aðsókn hefur verið framar öllum vonum og ljóst að fleiri námskeið koma í kjölfarið.

Vinnufundir innan S.r. og almennir fundir sem undirritaður tók þátt í tóku 8% af heildarvinnunni, sem er hátt hlutfall og þarf því sérstaka skoðun við.

Á árinu ákvað skógræktarstjóri að hefja undirbúning að “Suðurlands- skógum” (vinnuheiti **Suðri**). Allur undirbúningur hefur farið hægt af stað, en engu að síður tekið nokkurn tíma eins og sést á yfirlitinu.


Þegar starfsemi ársins 1995 er skoðuð þá kemur í ljós að nokkur tími hefur farið í að koma SSS fyrir og móta stefnuna.

Rétt er að geta þess að Félag skógarbænda á Suðurlandi hefur komið nokkuð að því máli og mun í auknum mæli tengjast starfsemi SSS, m.a. með reglulegum dagfundum.

### Nytjaskógrækt 1995.

Nytjaskógrækt á Suðurlandi hefur verið með hefðbundnum hætti. Plantað hefur verið á 24 jörðum, alls 159.776 plöntum sem lætur nærri að hver planta hafi kostað 32 krónur komin í jörðu (kostnaður v/girðinga, vega og umsýslu S.r. ekki með í verði). Plantað var í 64 ha alls (miðað við 2500 pl/ha) .


Dreifing á einstakar trjáplöntutegundir er sem hér segir:




### “Suðri”

Eins og komið hefur fram er undirbúningur fyrir Suðurlandsskóga hafinn og í því sambandi hefur verið auglýst eftir áhuga lögbýlinga á Suðurlandi til skógræktar. Í árslok hafa komið 47 umsóknir sem hafa nálægt 70 jarðir á bak við sig. Um er að ræða lögbýli þar sem eigendur hafa áhuga á nytjaskógrækt í þeirri mynd sem er í dag, en eins er um að ræða jarðir sem koma til greina undir skjólbeltaræktun sem gæti orðið undanfari nytjaskógræktar.

Ef umsóknir eru flokkaðar niður eftir ástæðu þess að viðkomandi vill byrja í skógrækt, þá lítur skiptingin þannig út í stórun dráttum:



Ef skipting er skoðuð með tilliti til staðsetningar eftir sýslum, þá kemur það í ljós að skiptingin er nokkuð jöfn eftir mannfjölda í hverri sýslu:



### Skjólbeltaræktun á Skeiðum.

28 bændur á Skeiðum hafa lagt út 15 km (einföld röð) skjólbelti á þessu ári og stefna á 20 km á árinu '96.

Kostnaður skjólbelti/km er eins og kemur fram á síðasta blaði í þessu yfirliti. Þær tvær millj. sem var ætlað í þetta verkefni 1995 er ekki notað að fullu en mun verða nýtt á næsta ári.

Plöntuval í skjólbeltin er eins og sést hér á næstu síðu og áætlun fyrir '96/'97 kemur einnig fram.

### Vinnuáætlun fyrir 1996.


Ljóst er að miklar breytingar verða hjá SSS á árinu 1996. Fyrst er að nefna að kortlagning og áætlanagerð verður mun meiri en var á árinu '95.

Eins er reiknað með að undirbúningur undir "Suðurlandsskóga" fari fram á árinu og taki mikinn tíma og peninga. Í ársbyrjun verður lagt af stað með 500.000 krónur fjárframlag (Framleiðnisjóður) og vonir eru bundnar við meiri framlög til þessa máls svo hægt verði að ljúka öllum undirbúningi á árinu 1996.

Til að greina nánar frá vinnuskiptingunni fyrir næsta ár, þá vil ég vísa í áætlun sem fylgir þessum línunum (Áætluð vinnuskipting SSS '96).

Selfossi 29.12.'95.

Björn B. Jónsson



## Skipting vinnu hjá skógarþjónustu S.r. S.

árið 1995

	áætlun	kortag.	ráðgj. úti	ráðgj. í síma	ráðgj. inni	námsk.	fundir	kynnis-ferðir	skógar-dagar	Suðri	Skeið	útt./uppgjör	annað
júní	13	11	44	8	4	0	16	6	4	0	6	0	26
júlí	6	8	40	7	12	0	12	27	33	0	14	0	76
ágúst	24	45	14	8	0	0	12	17	8	11	5	0	74
sept.	2	13	13	8	9	0	2	6	0	34	39	0	83
okt.	8	3	3	9	16	6	31	3	0	6	9	49	66
nóv.	1	2	15	7	7	6	28	0	0	14	0	85	33
des.	12	15	0	4	4	2	12	0	0	20	0	51	25
<b>alls</b>	<b>66</b>	<b>97</b>	<b>129</b>	<b>51</b>	<b>52</b>	<b>14</b>	<b>113</b>	<b>59</b>	<b>45</b>	<b>85</b>	<b>73</b>	<b>185</b>	<b>383</b>
	áætlun	kortag.	ráðgj. úti	ráðgj. í síma	ráðgj. inni	námsk.	fundir	kynnis-ferðir	skógar-dagar	Suðri	Skeið	útt./uppgjör	annað
	66	97	129	51	52	14	113	59	45	85	73	185	383